

AUGLÝSING**um staðfestingu á breyttu aðalskipulagi í Reykjavík.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins að ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur þann 9. júní 1982 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun á austursvæðum 1981—1998 að 2.3 ha svæði við Grafarvog, sem áður var ætlað fyrir útivist og iðnað og vörugæmslur verði framvegis ætlað undir opinbera stofnun.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. júlí 1982.

Nr. 429.

REGLUGERÐ**um þorskveiðibann frá 25. júlí til 3. ágúst 1982.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. júlí til og með 3. ágúst 1982, eru skipum öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerð nr. 688 28. desember 1981, bannaðar þorskveiðar.

Bann þetta tekur ekki til báta, sem eru 30 brúttórúmllestir og minni og stunda handfæraveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum, verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á því tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist herra en 15%, skal svo lítið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.